

# Hlutfall kjöts og fitu í dilkaskrokkum

Ásbjörn Jónsson og Óli Þór Hilmarsson

## Inngangur





Á síðasta ári lauk verkefninu **Úttekt á kindakjötsmati**. Eitt af markmiðum verkefnisins var að rannsaka hlutfall kjöts og fitu í dilkaskrokkum og einstaka hluta þeirra, í mismunandi holdfyllingar- og fituflokkum EUROP-kerfisins. Eftirfarandi eru niðurstöður varðandi hlutfall kjöts og fitu í holdfyllingarflokkum U, R og O og fituflokk um 2, 3 og 3+. Einnig er gert grein fyrir hlutfalli kjöts í einstaka hlutum skroksins.



## Niðurstöður

Hlutfall kjöts lækkaði með auknum fallþunga (*fallþungi fyrir ofan hverja súlu*). Hæsta kjöthlutfallið er í U flokki og lægst í O flokki. Öfugt við hlutfall kjöts þá hækkar fituhlutfall með auknum fallþunga dila innan sama holdfyllingarflokks. Fituhlutfallið hækkar innan hvers holdfyllingarflokks með hækkanði fituflokki.

Kjöthlutfall í læri lækkar með aukinni þyngd (*þyngd læris eða hryggjar fyrir ofan hverja súlu*). Hlutfallið hækkar með aukinni holdfyllingu og lækkar með auknum fituflokk. Kjöthlutfall í hrygg hefur sömu fylgni og í læri við holdfyllingarflokk- un og fituflokkun.



Framleiðnisjóður og Framkvæmdarnefnd búvörusamninga styrkti verkefnið

Matra er samstarfsvettvangur Landbúnaðarháskóla Íslands og Iðntæknistofnunar. Tilgangur Matra er að stunda rannsóknir og þróun á matvælum til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

